



126. stjórnarfundur Byggðasafns Vestfjarða 7. október 2024 kl. 12 í Faktorshúsi í Neðstakaupstað.

Mættir eru: Arna Lára Jónsdóttir bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og Jón Páll Halldórsson bæjarstjóri Bolungarvíkur. Bragi Þór Thoroddsen sveitastjóri Súðavíkurhrepps boðaði forföll. Jóna Símónía forstöðumaður skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Gjaldskrá 2025

- Lagt til að gjaldskrá fyrir smiðjuna hækki en annað ekki enda var gjaldskráin hækkuð ríflega á síðasta ári. Lagt til að aðgangseyrir í smiðjuna hækki úr 1100kr í 1200 og eldri borgarar og hópar úr 700kr í 800kr. Gjaldskrá samþykkt.

2. Fjárhagsáætlun 2025

- Fyrstu drög lögð fram. Ljóst er að í launaáætlun er villa sem eftir á að lagfæra sem skýrir að áætlunin kemur út í miklum minus. Verður lagfært á morgun og þá mun ný áætlun send út. Ljóst er að sum verkefni 2024 verða flutt milli ára þar sem þeim er ekki lokið.
- Lögð fram tillaga um að hækka framlag sveitarfélaganna um 6% milli ára og hún samþykkt.

3. Starfsmannahald 2024-2025

- Staðan í dag og áætlun fyrir næsta ár. Tveir aðilar hafa verið ráðnir í tímavinnu til að sinna ákveðnum verkefnum sem styrkir fengust í og í haust mun starfsmaður vera í 50% stöðu við að sinna skráningu og frágangi. Safnið er að fara í tvö erlend samstarfsverkefni sem munu krefjast aukins vinnuframlags 2025.

-

4. Staða mála í sýningarrými safnsins í Turnhúsi

- Eins og fram hefur komið í fréttum þá skemmdist Turnhúsið í veðrinu 5. október s.l. Eins og er þá er staðan óljós en unnið í að taka það út til að meta ástand og hvað þarf að gera.

5. Smiðjan á Þingeyri 2024-2025

- Sama staða var uppi þetta sumar og það síðasta, ekki fékkst starfsmaður til að sinna safninu fyrr en í lok ágúst að mögulegt var að hafa opið í 2 vikur. Lítur betur út fyrir næsta sumar. Búið er að taka ástand hússins út og komin viðgerðar-áætlun, sótt verður um styrk í húsafriðunarsjóð.

6. Önnur mál:

- Staða geymslumála og stefna – geymsla safnsins í Engidal var tæmd á dögnum og unnið er í grisjun þess sem þar var. Gámur sem safnið átti við Suðurtanga er kominn að safninu og bíður þess að farið verði yfir það sem þar er varðveitt. Búið er að hilluvæða í geymslu safnsins á höfninni og unnið við að koma gripum fyrir. Búið hefur verið um slökkvibíla sem komu til safnsins frá Keflavík en vonast er til þess að þeir komist í hús í vetur.
- Bátasafnið, María Júlía – unnið var við Sædísí ís í sumar sem og Eljunní ís en sótt verður um styrki til frekari vinnu 2025. María Júlía er komin til Húsavíkur og beðið er eftir frekara fjármagni til að hefja vinnu á ný.
- Staðan í sýningarmálum- spurning er um jólasýningu vegna ástands Turnhúss en að öðru leiti er unnið í grunnsýningu safnsins. Sótt verður um styrki til sýningarhalds, m.a. á verkum Vefstofu Guðrúnar Vigfúsdóttur sem afhent voru safninu í haust.